



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 28. nóvember 2023  
FAS23090003

Borgarráð

***Tillaga matsnefndar um umsókn Landssamtakana Þroskahjálpar um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna kaupáætlunar 2023.***

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna kaupáætlunar 2023:

2 leiguíbúðir; Kaupáætlun 2023, áætlað stofnvirði 127.000.000 kr. og 12% stofnframlag 15.240.000 kr.

Ofangreind tillaga var samþykkt af matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga 27. nóvember 2023.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga matsnefndar vegna umsóknar Landssamtakana Þroskahjálpar kt. 521176-0409 um stofnframlag frá Reykjavíkurborg kaupáætlun 2023.

Borgarstjórinn í Reykjavík  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Erindi: Tillaga matsnefndar<sup>1</sup> vegna umsóknar Landssamtakana Þroskahjálpar kt. 521176-0409 um stofnframlag frá Reykjavíkurborg kaupáætlun 2023.**

Þann 23. október 2023 barst Reykjavíkurborg umsókn Landssamtaka Þroskahjálpar um stofnframlag með vísan til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar 183/2020 með síðari breytingum og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög dags. 29. september 2016 (rrs) vegna:

2 leiguíbúða; Kaupáætlun 2023, áætlað stofnvirði 127.000.000 kr. og 12% stofnframlag 15.240.000 kr.

Vilyrði hefur fengist frá Reykjavíkurborg um þátttöku með Húsbyggingasjóði Þroskahjálpar í því að kaupa tvær íbúðir á almennum markaði, sem leigðar verða fötluðu fólki á viðráðanlegu verði. Líkt og með aðrar íbúðir Húsbyggingasjóðs Þroskahjálpar verður sá háttur hafður á að sjóðurinn sér um kaupin og standsetningu íbúðanna, sinnir á þeim öllu viðhaldi og gerir leigusamninga við leigjendur íbúðanna. Reykjavíkurborg hinsvegar velur leigjendur í íbúðirnar, og skuli þeir koma af biðlistum fatlaðs fólks eftir búsetuúrræðum í sveitarfélaginu. Þá sinnir Reykjavíkurborg allri þeirri þjónustu sem íbúar þarfnast og eiga rétt á.

Reglur Reykjavíkurborgar um stofnframlög gera ríkar kröfur um gagnaskil, sbr. 5. gr. reglnanna, til að tryggja að upplýst ákvörðun sé tekin um veitingu stofnframlaga.

Umsókn um stofnframlag ber að meta í samræmi við 8. gr. reglnanna þar sem tilgreindir eru átta meginþættir matsins.

Niðurstaða matsnefndar varðandi verkefni í umsókn Landssamtakana Þroskahjálpar er eftirfarandi:

- ✓ Umsækjandi uppfyllir ákvæði 3. gr. rrs um skilyrði til umsækjanda.
- ✓ Umsóknin samræmist ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerð nr. 183/2020 með síðari breytingum og reglum Reykjavíkurborgar um stofnframlög.
- ✓ Áætlað heildarstofnvirði verkefnis nemur 127.000.000 kr. og 12% stofnframlag að upphæð 15.240.000 kr. Stofnframlag rúmast innan fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hvað varðar efnahag og sjóðstreymi. Verði umsóknin samþykkt fellur 15.240.000 kr. stofnframlag til á árinu 2023 og verður stofnframlag veitt í formi fjárframlags.

---

<sup>1</sup> Þann 12. október 2023 skipaði borgarstjórinn í Reykjavík matsnefnd vegna veitingu stofnframlaga í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um veitingu stofnframlaga sem samþykktar voru í borgarráði dags 29. september 2016. Hlutverk matsnefndar er að fara yfir umsóknir um stofnframlög Reykjavíkurborgar og gera tillögu til borgarstjóra um afgreiðslu þeirra á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, reglugerðar nr. 183/2020 og reglna Reykjavíkurborgar um stofnframlög.

- ✓ Matsnefnd telur íbúðirnar uppfylla kvaðir um hagkvæmni og þarfir væntanlegra íbúa.
- ✓ Umsóknaraðili hefur með fullnægjandi hætti sýnt fram á að þörf er á leiguhúsnæði af þeirri stærð og gerð sem umsókn nær til og er umsóknin í samræmi við húsnæðisstefnu og húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.
- ✓ Leiguverð sem umsóknaraðili gerir ráð fyrir samræmist greiðslugetu væntanlegs leigjendahóps sem skilgreindur er í samræmi við 10. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.
- ✓ Matsnefnd hefur farið yfir framlagða viðskiptaáætlun umsóknaraðila og telur hana fullnægjandi þannig að verkefnið nái tilgangi og markmiði laga nr. 52/2016 og húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar.
- ✓ Matsnefnd telur að verkefnið samræmist að öðru leyti tilgangi og markmiðum laga og húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar.

Matsnefnd mælir með að borgarráð samþykki umsókn um stofnframlag að upphæð 15.240.000 kr. á grundvelli framangreinds mats. Stofnframlag kemur til útborgunar þegar fyrir liggur samningur við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og við Reykjavíkurborg. Matsnefnd mælir með að samþykki umsóknar verði byggt á kröfu um endurgreiðslu stofnframlags í samræmi við 6. grein reglnanna.

Forsenda fyrir veitingu stofnframlags Reykjavíkurborgar er að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veiti umsækjanda jafnframt stofnframlag ríkisins innan þriggja mánaða frá samþykki borgarráðs á umsókn um stofnframlag. Ákvörðun um veitingu stofnframlags Reykjavíkurborgar fellur niður án tilkynningar ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt, sbr. 9. gr. rrs.

Skerði Húsnæðis- og mannvirkjastofnun stofnvirði framangreindra verkefna við úthlutun, t.d vegna kröfu um stærð og hagkvæmni, þá mun stofnframlag Reykjavíkurborgar endurreiknast til lækkunar til samræmis við leiðrétt stofnvirði. Samningur skal gerður milli Reykjavíkurborgar og umsóknaraðila um veitingu stofnframlags áður en til greiðslu kemur.

*Halldóra Káradóttir*

*Óli Jón Hertervig*

*Ívar Örn Ívarsson*

*Karl Einarsson,  
starfsmaður matsnefndar*